

Dagur náms- og starfsráðgjafar 2014

Þann 20. október var Dagur náms - og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Að því tilefni var ákveðið að halda ráðstefnu á Akureyri, nánar tiltekið í Hofi, menningarhúsi þeirra norðanmanna þann 31. október. Mikill áhugi var á ráðstefnunni en því miður komust færri að en vildu vegna slæms veðurs á sjálfan ráðstefnudaginn. Margir sem áttu bókað flug árla morguns með flugi komust ekki þar sem ekki var flogið fyrr en um miðjan daginn. Ráðstefnan bar yfirskriftina Fræðsla og fjör á Akureyri og stóð hún fyllilega undir nafni.

Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi við Árskóla, stýrði dagskránni af myndugleika. Ráðstefnan hófst á kynningu á hlutverki Akureyrarstofu og sögu Hofa. Fyrsti fyrirlestur dagsins var í höndum Guðjóns Hreins Haukssonar kennara og þjónustustjóra tölvudeildar Menntaskólans á Akureyri. Guðjón er mikill áhugamaður um notkun opins hugbúnaðar í námi og kennslu, höfundaréttar og þess að viðhafa góða siði í tölvunotkun og bar fyrirlestur hans heitið „Upplýsingatækni í ógöngum“. Að loknum ljúffengum hádegisverði var komið að erindi Sigríðar Huldu Jónsdóttur, náms- og starfsráðgjafa og framkvæmdastjóra SHJ ráðgjafar, um eftirsóttu færniþætti í atvinnulífi á 21. öldinni. Í erindinu kom Sigríður inn á margt fróðlegt, m.a. þá þverfaglegu færniþætti sem vinnuveitendur telja mikilvægasta þegar þeir ráða starfsmenn í vinnu á 21. öldinni. Fjallaði hún m.a. um áherslu atvinnurekenda á færniþættina, samspil þeirra og tengingu við starfsánægju, styrkleika og trú á eigin færni. Sigríður Hulda kom einnig inn á starfsánægju og mikilvægi fagvitundar stéttar náms - og starfsráðgjafa.

Síðdegis var boðið upp á tvær málstofur. Annars vegar kynnti Sólveig Hrafnadóttir, náms- og starfsráðgjafi við Háskólann á Akureyri, metnaðarfullt verkefni sem unnið hefur verið í skólanum um akademíska handleiðslu sem tæki til að minnka brotthvarf frá námi við skólann. Hins vegar kynntu þau Alfa Aradóttir, forstöðumaður forvarna- og æskulýðsmála, Linda Pálsdóttir, forvarna- og félagsmálafulltrúi og Orri Stefánsson, verkefnisstjóri, starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Rósenborgar. Í Rósenborg er aðsetur samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar en hlutverk deildarinnar er umsjón og rekstur félags-, tómstunda- og íþróttamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði.

Ráðstefnunni lauk formlega með heimsókn á Vinnumálastofnun á Akureyri, þar sem vel var tekið á móti ráðstefnugestum. Fengu þeir fræðslu um starfsemi stofnunarinnar og áttu gott samtál um náms- og starfsráðgjöf í víðu samhengi, t.a.m. um samfélagslegt gildi hennar og mikilvægi þess að hún haldi áfram að þróast og þroskast í takt við tímann.

Náms- og starfsráðgjafar enduðu daginn á sama stað og hann hófst, í Hofi, og áttu saman frábærar kvöldstund.

Til þess að geta boðið dagskrá sem þessa þarf Félag náms- og starfsráðgjafa að reiða sig á styrki annars vegar og velvilja félagsmanna og velunnara hins vegar.

Viljum við, fyrir hönd stjórnar FNS, þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg svo sem fyrirlesurum, fundarstjóra, gestgjöfum, náms- og starfsráðgjöfum norðan heiða og fræðslunefnd FNS fyrir þeirra framlag.

Einnig viljum við þakka Menntamálaráðuneytinu og [Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar](#) fyrir veittan stuðning. Það er orðinn fastur liður í endurmenntun margra félagsmanna að sækja ráðstefnu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar ár hvert. Vonandi heldur

Þessum viðburði áfram að vaxa fiskur um hrygg sem og öðrum viðburðum á vegum félagsins okkar.

Með kærri kveðju,

f.hönd stjórnar FNS,

Ágústa Björnsdóttir, gjaldkeri og Helga Helgadóttir, formaður.

